

Hafnarfjarðarkaupstaður
Anne Steinbrenner
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 22. október 2024
Málsnúmer: 202410-0006
LA

Efni: Nýtt deiliskipulag fyrir Hellnahraun 4. áfanga. Skipulagslýsing.

Vísað er í erindi frá Hafnarfjarðarkaupstað, dags. 3. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu að nýju deiliskipulagi fyrir athafnasvæði við Hellnahraun, 4. áfanga. Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er svæðið skilgreint sem athafnasvæði þar sem gert er ráð fyrir léttum iðnaði. Tilgangur deiliskipulagsins er að tryggja nægt skipulagt landrými fyrir atvinnustarfsemi vegna eftirspurnar, með því að fjölga atvinnulóðum í Hellnahrauni 4. áfanga. Stærð skipulagssvæðisins er um 37 ha.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Innan fyrirhugaðs athafnasvæðis Hellnahraun 4. áfanga eru hraun mynduð á nútíma, Selhraun (eldra en 2400 ára) og Kapelluhraun (frá árinu 1151) og leifar af gervigíg í gamalli efnisnámu. Þessi fyrirbæri njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013). Hraunhellar njóta einnig sérstakrar verndar sömu greinar en ekki eru þekktir hraunhellar innan svæðisins og ekki er vitað hvort það hefur verið kannað. Í Selhrauni má sjá rishóla og niðurföll. Mosahraunavist einkennir Kapelluhraun þar sem það er óraskað, en á Selhrauni er lynghraunavist einkennandi. Sunnan við athafnasvæðið er kjarrskógavist þar sem birki er einkennandi og er verndargildi hennar metið hátt.

Allt rask á yfirborði dregur úr verndargildi hraunanna, en Selhraun er minna raskað en Kapelluhraun. Fyrirhugað athafnasvæði mun raska náttúrufari svæðisins og breyta ásýnd. Náttúrufræðistofnun telur að í áframhaldandi skipulagsvinnu þurfi að bæta við matsþætti um mögulega náttúruvá miðað við hættumat Veðurstofu Íslands.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsingu.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur